



Tæknidagur fjölskyldunnar er nú haldinn í fimmta sinn í Verkmenntaskóla Austurlands. Dagurinn er sem fyrr tileinkaður tækni, vísindum, sköpun og þróun á Austurlandi og miðast dagskráin við alla aldurshópa. Viðburðir eru í þremur byggingum:

Verknámshúsi, bóknámshúsi og íþróttahúsi.

Heimavist VA verður opin frá kl. 15:00 – 16:00 fyrir áhugasama.

Skoðaðu bæklinginn vel

Góða skemmtun

Verknámshús

Fab Lab

Allt á útopnu í Fab Lab - CNC fræsarar í gangi, þrívíddarprentun, vínylskeri, laserskeri ... stafræn framleiðsla í allri sinni dýrð.

Staðsetning: Verknámshús – Fab Lab smiðja, 2. hæð

Málm- og véltæknideild VA

Gangsetning á Lister Blackstone, suðuhermir, vélarúmshermir. Gestir geta prófað að sjóða með sýndarveruleika.

Staðsetning: Verknámshús – málm- og vélverkstæði, 1. hæð

Bygginga- og mannvirkjagreinadeild VA

Opið hús í trédeild - kíktu við og kynntu þér námið. Skoðaðu aðstöðuna, finndu timburlyktina. Spjallaðu við nemendur og kennara.

Staðsetning: Verknámshús – tréverkstæði, 2. hæð

Kveikjum eld, kveikjum eld...

Mundir þú lifa af á eyðieyju? Getur þú kveikt eld með einfaldri tækni?

Staðsetning: Verknámshús – málm- og vélverkstæði, 1. hæð

Kóder

Kóder mun sýna hvernig hægt er að hakka Minecraft með forritun og hvernig hægt er að búa til sína eigin tölvuleiki í Scratch.

Komdu við og prófaðu.

Staðsetning: Verknámshús – 2. hæð

Leikskólinn Tjarnarskógur og vísindahornið

Jarþrúður Hólmðís aðstoðarleikskólakennari í Tjarnarskógi gerir tilraunir með börnum á leikskólaaldri í vísindahorninu. Regnbogasápukúluormur - Hvað flýtur og hvað sekkur o.fl. Í vísindahorninu verður líka hægt að fönndra Ames-herbergi í boði **Héraðsprents, setja saman sýndarraunveruleika gleraugu í boði Nýherja** og leysa þrautir.

Staðsetning: Verknámshús – tréverkstæði (innri hluti), 2. hæð

Landslagssandkassi VA

Mynd með hæðarlínum og – litum er varpað með skjávarpa niður á kassa sem fylltur er með ljósum sandi. Þrívíddarmyndavél sem skynjar hæðir og lægðir í sandinum er svo beint á sandinn. Tækin „tala saman“ og þannig er hægt að móta landslag með því að búa til hóla og hæðir í sandinn. Einnig er hægt að láta sýndarveruleikavatn flæða ofan í dældir í sandinum, eins og flóð myndu flæða niður hlíðar fjalla og ofan í dali.

Staðsetning: Verknámshús – tréverkstæði (innri hluti), 2. hæð

Eldpípan

Logarnir leikandi: Geta logarnir leikið í takt við tónlist? Heillandi og dáleiðandi eldpípa sem þeir Arnar og Varði, kennarar í VA, bjuggu til. Sjón er sögu ríkari!

Staðsetning: Verknámshús – málm- og vélverkstæði, 1. hæð

Rafiðndeild VA

Hvað gerir rafiðnaðarfólk?

Kynnist störfum í rafiðnaði. Vissir þú að nemum í rafiðn stendur til boða þátttaka í alþjóðlegum keppnun? Hvað er rafbók.is?

Félag íslenskra rafvirkja og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins verða á svæðinu og taka þátt í kynningu á rafiðn. Í rafdeildinni verður nóg að skoða og prófa.

Staðsetning: Verknámshús – rafverkstæði, 2. hæð

Bóknámshús

„Örugga hættusvæðið“

Viltu prófa reykköfun? **Slökkvilið Fjarðabyggðar** mætir á svæðið; reykköfun, reyskynjarar og slökkvitæki

Staðsetning: Bóknámshús, 3. hæð

Mannvit

Hversu sterkur er pappír? Kíktu við hjá Mannviti á Tæknidaginn og spreyttu þig á verkfræðilegum þrautum.

Staðsetning: Bóknámshús, stofa 4

Í setustofu bóknámshúss býður VA gestum Tæknidags upp á kaffi, svala og kleinur.

Síldarvinnslan

Síldarvinnslan kynsir ýmislegt sem tengist starfsemi fyrirtækisins og býður gestum upp á spennandi smakk.

Staðsetning: Bóknámshús, stofa 5

Matís og Náttúrustofa Austurlands

Geta hreindýr sent SMS? Hvernig er fílatannkrem? Opið hús í austurendanum hjá snillingunum í Matís og á Náttúrustofu Austurlands.

Staðsetning: Bóknámshús – austurendi

Krufning að hætti vísindanna

Já, sumt er einfaldlega ómissandi ... klassískt atriði sem vekur lukku á ári hverju hjá ungum og öldnum ... „Doddi kryfur“ ...að öllum líkindum verður minkur undir hnífnum í ár ... og þó, Doddi getur nú verið óútreiknanlegur :)

Kl. 14:00

Staðsetning: Bóknámshús, stofa 1(1. hæð)

Hársnyrtideild VA

Hársnyrtideild VA verður með opna vinnustofu, þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að fá leiðsögn frá nemendum og kennurum skólans. Einnig munu fagaðilar úr atvinnulífinu leiðbeina þeim sem vilja koma og prófa að flétta, krulla, rúlla og slétta. Kynnt verður tækni í hársnyrtivörum og sýnt hvað hægt er að gera með Label.M hárvörum frá Bpro heildverslun.

Staðsetning: Bóknámshús, 1. hæð – stofa 3

Listaakademía VA og Art Attack

Í setustofu VA verða hinar ýmsu listinnsetningar frá Art Attack gestum og listaakademíunni (LIAK). T.d. munu listamennirnir Anna Yli-Ikkelä og Aunis Ahonen frá Finnlandi leyfa gestum að sjá listaverk vakna á vegg í norður anddyri skólans. Nemendur LIAK verða með spunagjörnin á hálf tíma fresti fyrir kaffigesti.

Ljósmyndarinn Guadalupe Laiz frá Argentínu tekur ljósmyndir og býður áhugasömum að hitta sig í setustofunni kl. 15:00 og spjalla um ljósmyndun.

Staðsetning: Bóknámshús – setustofa

Íþróttahús

Fjarðabyggð

Fjarðabyggðarhafnir: Kynning á allri þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram. Hvað er mikið flutt inn og út frá höfnum Fjarðabyggðar? **Veitur sveitarfélagsins:** Hvað notum við mikið vatn? Er árstíðamunur á vatnsnotkun? Þetta og fleira verður hægt að fá að vita! **Sorpmiðstöð:** Hvernig á að flokka? Hvað á að fara í hvaða tunnu? Hvað verður um það sem við hendum? Þetta og margt fleira um flokkun og sorp verður hægt að fá svör við!

Staðsetning: Íþróttahús

Thermo Tec – ný tegund milliveggja

Thermo Tec hafa þróað nýtt milliveggjakerfi með það að leiðarljósi að vinna bug á þeim erfiðleikum sem æ oftast koma í ljós og valda mönnum vandræðum í hefbundnum veggjakerfum, það er myglu, rakaskemmdum og bágri hljóðvist.

Staðsetning: Íþróttahús

Ungt Austurland

Hvað er „Ungt Austurland“? Kíktu við og spjallaðu við fulltrúa.

Staðsetning: Íþróttahús

Multitask

Multitask kynnir sjókarl, öryggisbúnað fyrir sjómenn.

Staðsetning: Íþróttahús

Efla

Efla verkfræðistofa kynnir starfsemi sína. Langar þig að nota sýndarveruleika til að skoða þig um í byggingu sem hönnuð var af Eflu? Nú, eða skoða 3D model?

Sjáumst!

Staðsetning: Íþróttahús

Nesskóli - forritunarkennsla

Forritunarlegur Sphero róboti - viltu prófa?

Staðsetning: Íþróttahús

Íþróttahús

Skógarafurðir

Skógarafurðir sérhæfa sig í skógarafurðum úr eigin skógi og framleiða meðal annars pallaefni, parket og sagköggla.

Skógarafurðir mæta á Tæknidaginn með sýnishorn af framleiðslu sinni.

Staðsetning: Íþróttahús

/sys/tur

Viltu prófa að búa til þinn eigin tölvuleik með Bloxels? Líttu þá við. /sys/tur er félag kvenna innan tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Þær leggja mikið upp úr því að byggja upp stuðningsnet fyrir stelpur og að kynna stelpur fyrir tæknigreinum sem valkosti fyrir bæði kynin.

Staðsetning: Íþróttahús

Háskólinn í Reykjavík

Mögnuð dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Skema-Teymið hjá HR ætlar að setja upp píanó sem maður spilar á með tásunum, tromma á leirtrommur (Makey Makey) og svo verður hægt að prófa að forrita Minecraft í Kano tölvunum okkar.

Sjáumst!

Staðsetning: Íþróttahús

HSA

Hvernig er blóðsykurinn? En þrýstingurinn? Kíktu við hjá heilbrigðisstarfsfólki frá HSA og fáðu þau til að taka púlsinn á þér.

Staðsetning: Íþróttahús

Krossdal Gunstock

PES - Krossdal Gunstock er frumkvöðlaverkefni sem miðar að því að hanna og framleiða byssuskefti og endurgera brotin skefti. Stefna Krossdal Gunstock er að nýta hráefni úr heimabyggð í hönnun og framleiðslu eigin vörulínu, s.s íslenskt lerki og birki, hreindýrahorn og hreindýraleður.

Staðsetning: Íþróttahús

Íþróttahús

Verkfræðingafélag Íslands

Viltu vita meira um verkfræði og tæknifræði?

Hvað gera tæknifræðingar og verkfræðingar? Hvernig er best að undirbúa sig fyrir nám í þessum greinum? Hverjir eru atvinnumöguleikarnir? Fulltrúar

Verkfræðingafélags Íslands spjalla við gesti.

Staðsetning: Íþróttahús

Ævar vísindamaður

Í einu horni íþróttahússins hefur Ævar vísindamaður tekið yfir svæðið. Slím, segulskór, ryksuguhanskar, reyksápukúlur og upplestur á glænýrri ævintýrabók

kl. 13 og 15.

Kíktu í heimsókn en farðu varlega - þetta er hriikalegt sull!

Staðsetning: Íþróttahús

Keilir

Háskóli Íslands og Keilir kynna háskólanám í tæknifræði. Þar verður meðal annars hægt að fræðast um nám í mekatróník hátæknifræði sem sameinar véla-, rafmagns- og hugbúnaðarverkfræði, til að mynda við gerð sjálfstýringa og vélmenna.

Staðsetning: Íþróttahús

Háskólinn á Akureyri

Sýndarveruleiki og ýmislegt til að skoða, prófa og upplifa. Komdu við og kynntu þér áhugaverð námstækifæri í tækni og vísindum, s.s. tölvunarfræði, sjávarútvegsfræði og líftækni.

Staðsetning: Íþróttahús

Launafl

Fulltrúar Launafl mæta á svæðið og kynna starfsemi fyrirtækisins – eitthvað til sýnis frá flestum deildum og nýi körfubíllinn til sýnis utanhúss.

Staðsetning: íþróttahús og bílastæði milli íþróttahúss og bóknámshúss

Íþróttahús

Alcoa

Kynning á starfsemi Alcoa Fjarðaáls ásamt því sem gestir geta skoðað sýnishorn af afurðum Alcoa og viðskiptavina þeirra. Kynnt verður nýjasta tækni þegar kemur að því að tryggja öryggi starfsfólks við vinnu sína.

Staðsetning: Íþróttahús

Últrahlauparinn Þorbergur Ingi Jónsson

Tækni últrahlauparans - hvernig er hægt að nota tæknina til að undirbúa sig fyrir ofurhlaup í mikilli hæð? Viltu prófa að hlaupa í „3000 metra hæð“ (aðeins fyrir heilbrigða, 18 ára +)? Þorbergur Ingi verður á svæðinu frá **14 - 16** og spjallar við gesti.

Staðsetning: Íþróttahús

Félag fagkvenna

Félagsmenn í félagi fagkvenna verða á svæðinu. Tilgangur félagsins er að hvetja konur til að sækja nám og störf í því sem telst vera karllægar iðngreinar og búa til öflugt stuðningsnet. Kíktu við!

Staðsetning: Íþróttahús

Breiðdalsbiti

Breiðdalsbiti er nýtt fyrirtæki sem hefur það að markmiði að fullvinna vörur úr sauðfjárafurðum. Tvær tegundir kæfu eru nú komnar á markað, Fjallakæfa og Skógarkæfa. Breiðdalsbiti mun einnig kynna nýja vöru sem hefur verið í þróun hjá fyrirtækinu og mun efna til samkeppni á deginum til að finna nafn á þá nýju vöru. Um ræðir þurrkað ærkjöt.

Staðsetning: Íþróttahús

Hljóðkerfaleiga Austurlands

Að venju styður Hljóðkerfaleiga Austurlands við bakið á Tæknidegi Fjölskyldunnar með ýmiss konar aðstoð varðandi Tæknimál og uppsetningu sýningarsvæðis.

